

Skipulagsstofnun
Ómar Ingþórsson,
landslagsarkitekt
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2017

2017110004/42-8

TB

tb

Aukin framleiðsla á laxi um 5.800 tonn í Dýrafirði á vegum Arctic Sea Farm, matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 1. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna aukinnar framleiðslu á laxi um 5.800 tonn í Dýrafirði á vegum Arctic Sea Farm.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur hana í flestum atriðum gera grein fyrir þeim þáttum sem þarf að skoða í mati á umhverfisáhrifum. Á þessu stigi er, eðli málsins samkvæmt, ekki hægt að leggja mat á gæði þeirra gagna sem verða lögð fram í frummatsskýrslu / matsskýrslu, s.s. um botndýralíf og sjávarstrauma í friðinum en fjarlægð á milli svæða er t.d. ekki alltaf 5 km. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að lífríki botnsins á þeim svæðum sem líklegt er að verði fyrir mestum áhrifum verði kortlagt. Dýrafjörður er frekar grunnur og fyrirhugað framleiðslumagn, 10.000 tonn, er það sama og talið er vera burðarþol fjarðarins. Meðal annars af þessum ástæðum á að gera kröfu um að botndýralíf verði kortlagt á öllum svæðum þar sem fyrirhugað er að hafa sjókvíar en ekki að rannsóknir frá einum stað verði heimfærðar upp á önnur svæði.

Í kafla 2.5 um fóður er talað um umhverfisvænt fóður sem inniheldur eingöngu náttúruleg efni og síðan er að finna upplýsingar um magn efnaflokkka í hverju tonni s.s. prótein, fita o.s.frv. Náttúrufræðistofnun telur að ef telja á fóður umhverfisvænt þurfi að gera mun betur grein fyrir uppruna þeirra náttúrulegu efna sem fóðrið samanstendur af. T.d. ef hluti fóðursins er fiskimjöl þá þarf að gera grein fyrir uppruna þess og t.d. hvort þar sé um að ræða sjálfbæra nýtingu.

Á bls. 20 kafla 3.3 segir að rannsóknir bendi til þess að bæði lax, urriði og bleikja hrygni í Dýrafirði en óvissa sé um stærð laxfiskastofna. Á bls. 22 í kafla 4.1. segir m.a. að áhrif erfðablöndunar við laxastofna utan Dýrafjarðar verði könnuð þar sem engir þekkir laxastofnar séu í Dýrafirði. Þetta misræmi þarfnast skoðunar og bent er á að lítill stofn getur haft til að bera mikilvægar erfðaauðlindir en um þetta er líklega lítið vitað eins og um stærð laxfiskastofna í Dýrafirði. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á 9. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.



Á bls. 25 er vísað í náttúruverndarlög nr. 44/1999 undir Ferðapjónusta og útivist og á sömu blaðsíðu er talað um náttúruminjalög (á líklega að vera náttúruverndarlög, innskot NÍ) undir ásýnd og landslag. Náttúrufræðistofnun vill benda á að ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Einnig sér stofnunin ástæðu til að benda á að lög um náttúruvernd gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, þar á meðal hafsbotninum. Að mati Náttúrufræðistofnunar ber því að taka tillit til almennra ákvæða í lögum um náttúruvernd vegna framkvæmda í hafi eftir því sem við á og að teknu tilliti til annarra laga sem kunna að gilda t.d. um fiskeldi. Stofnunin vill því benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Stofnunin leggur áherslu á að í mati á umhverfisáhrifum verði fjallað um fyrirhugað fiskeldi með hliðsjón af almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd og 63. gr. um framandi lífverur svo eitthvað sé nefnt.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að öll frekari vinnsla frummatsskýrslu / matsskýrslu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

